

# VERZLUNARMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR



HÚSI VERZLUNARINNAR · 103 REYKJAVÍK · SÍMI 568 7100 · FAX 588 8356

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Þórshamri  
150 Reykjavík


*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 121/1919*  
*komudagur 5.5.197*

Reykjavík, 30. apríl 1997

Eftirfarandi tillaga var einróma samþykkt á aðalfundi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur sem haldinn var 21. þ.m.:

“Aðalfundur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, haldinn á Grand Hótel, mánudaginn 21. apríl 1997, treystir því að Alþingi, í lagasetningum um lífeyrismál, tryggji áfram sem hingað til stöðu lífeyrissjóða, sem byggðir eru upp á samtryggingu sjóðfélaga án skerðingar á greiðslu iðgjalda. Jafnframt verði lífeyrissjóðum heimilað að taka við viðbótariðgjöldum, þar sem sjóðfélagar geta sjálfir ákveðið, hvert viðbótariðgjald sé nýtt til aukinna lífeyrisréttinda á grundvelli samtryggingar eða lúti ákvæðum laga um séreign á sviði lífeyrissparnaðar.”

Virðingarfyllt,  
F.h. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur

  
Magnús L. Sveinsson, formaður